


Í hvaða námi varst þú við Myndlistaskólann?


82 svör



- Tveggja ára listnámsbraut til stúdentsprófs
- Árs fornámi í sjónlistadeild
- Diplómanámi í keramikki
- Diplómanámi í teikningu
- Diplómanámi í textíl

Hvaða ár útskrifaðist þú?


82 svör



- 2012
- 2013
- 2014
- 2015
- 2016
- 2017

Hefur þú sótt um framhaldsnám eftir að þú laukst námi við Myndlistaskólann?


82 svör



- Já
- Nei


Í hvaða landi er skólinn sem þú sóttir um?

72 svör




Vinsamlega tilgreindu skóla og land ef skólinn er erlendis

45 svör




Hverskonar nám sóttir þú um?

72 svör




Fékkstu inngöngu í skólann sem þú vildir komast í?

72 svör




Hefurðu verið í starfi þar sem þekking sem þú aflaðir þér í Myndlistaskólanum nýtist þér?

82 svör



Ef svarið er jákvætt vinsamlega tilgreindu hvert starfið er


44 svör



Könnun á námsframvindu útskriftarárganga skólans 2012-17

Við Myndlistaskólann í Reykjavík er lagður metnaður í að búa nemendur sem allra best undir frekara nám á sviði myndlistar og hönnunar. Fylgst er með námsframvindu nemenda eftir að námi við skólann lýkur. Stærstur hluti nemenda á listnámsbraut er að búa sig undir háskólanám í myndlist, hönnun eða arkitektúr og mjög stór hluti þeirra sem útskrifast er þegar kominn inn í annan skóla við útskrift. Hluti nemenda heldur áfram við Myndlistaskólann á einni af fjórum diplómanámsbrautum skólans, keramik, málalíst, teikningu eða textíl.


Diplómanám við skólann er tveggja ára nám, skilgreint sem viðbótarnám á framhaldsskólastigi á 4. þekkingarþrepi og metið í framhaldsskólaeiningum. Nemendur sem ljúka diplómanámi eiga þess kost að sækja um frekara nám við fjölmarga skóla erlendis. Misjafnt er þó að hversu miklu leyti námið við Myndlistaskólann er metið og hvort þeir geta hafið nám á 1., 2. eða 3. ári á BA stigi. Skólinn er í samstarfi við nokkra skóla í Bretlandi sem meta einingar skólans að fullu til háskólaeininga.



Í febrúar 2018 var útskrifuðum nemendum frá árinu 2012 sendur spurningalisti á netinu. Af 349 nemendum sem útskrifast hafa frá skólanum á þessum árum hafði skólinn undir höndum netföng hjá 165 eða 47% allra nemenda. Þar sem



fyrsti hópur nemenda í málalalist var enn við nám voru engir nemendur í málalalist spurðir. Svarhlutfall var um 50%. Svörin voru nafnlaus.

Spurt var um hvort nemendur hefðu sótt um frekara nám á sviði myndlistar eða hönnunar eftir að þeir luku námi við Myndlistaskólann og hvort skólinn sem um var sótt sé á Íslandi eða erlendis.



Af þeim sem svöruðu hafði yfirgnæfandi meirihluti, eða 86,9% sótt um frekara nám eftir útskrift frá Myndlistaskólanum. Meirihlutinn sótti um nám á Íslandi en 42% sóttu um að komast til útlanda. Nemendur voru beðnir um að nefna skólann og landið. Flestir höfðu sótt um á Norðurlöndum, í Hollandi og Bretlandi. Sumir höfðu sótt um við einn skóla en aðrir sent umsóknir til fleiri skóla.

Mikill meirihluti vildi komast í áframhaldandi nám í myndlist eða hönnun enda eru langflestir nemenda skólans útskrifaðir af listnámsbraut og úr fornámi. 16% sóttu um að komast í annarskonar nám. Þegar svarið var annað nám var spurt nánar um námsgrein. Svörin voru m.a. 3D Visual Effects and Animation, málun, listfræði við HÍ, kennaranám, Illustration, sviðslistir, MSc í alþjóðlegri viðburðastjórnun, meistaranám og Art Science.



Niðurstaða könnunarinnar var að 86,9% þeirra sem svöruðu höfðu sótt um frekara nám eftir að þeir luku námi við skólann og að 93,1% þeirra sem sóttu um framhaldsnám komust inn í þann skóla sem þeir vildu komast í.

Næst var spurt hvort nemendur hefðu verið í starfi þar sem þekking sem þeir öfluðu sér í Myndlistaskólanum hafi nýst þeim. Rúmur meirihluti svaraði játandi eða 54,9%.

Að lokum var svarendum gefinn kostur á að koma öðrum upplýsingum á framfæri en spurt var um. 30 nýttu sér þann kost. Svör þeirra fara hér á eftir.

Það fer eftir því í hvaða listaháskóla er sótt um hvort stúdentsprófið er tekið gilt

Námið hjá ykkur var það skemmtilegasta sem ég hef verið í á minni 18 ára skólagöngu :)

mjög góður undirbúningur fyrir framhaldsnám, í mínu tilfalli arkitektúr.

Mjög góður undirbúningur fyrir áframhaldandi listnám

Held að myndlistarnám sé góður grunnur fyrir lífið, hvort sem myndlist eða hvaða annar starfsferill verði fyrir valinu.

Ég er að fara að sækja um nám í grafískri hönnun við LHÍ í haust. En námið hefur samt komið að góðum notum þó það hafi ekki endilega verið nýtsamlegt við störf á leikskóla.

Eg sotti ekki um framhaldsnám í listum en fór í hársnyrtinn og námið hjálpar mikid þar, auk þess sem eg var tekin beint inn, þar sem þar er mikid farid i litafrædi og form svo eitthvad se nefnt

Námið í Myndlistaskólanum reyndist mér gríðarlega mikilvægt og ég á skólanum margt að þakka!

Þetta var fullkomin lausn fyrir mig til að klára stúdentsprófið og hefur nýst mér gríðarlega vel í framhaldinu. Er mjög sáttur með það sem ég fékk út úr sjónlistadeildinni.

Æðislegt nám, lærði mjög mikið og komst úr skelinni. Svo stutt síðan ég sótti um nám í Myndlistaskólanum og sagði engum frá því ég þorði ekki að finnast ég eiga heima þar. Fékk mikið sjálfsöryggi og sjálfstæði í eigin listsköpun sem nýtist mér mjög vel í daglegu lífi. Fólk hefur samband við mig og biður um ráðleggingar í sinni eigin listsköpun. Í þokkabót er ég orðin háð keramik námskeiðunum hjá Guðný og verð búin með 1 ár eftir þessa önn. Takk og áfram MYR!

Algjörlega frábær grunnur, er stöðugt að mæla með þessu námi.

Ég á Myndlistaskólanum margt að þakka! Ég væri ekki jafn viss um hvað ég vil gera í lífinu ef ekki væri fyrir Myndlistaskólann. Það sem ég dýrka við sjónlistabraut er hvað maður fær að komast í snertingu við mörg mismunandi fög, og er þetta grunnur sem mun nýtast mér í starfi mínu í framtíðinni sem grafískur hönnuður. Skólinn hefur algjörlega opnað hugann minn fyrir svo mörgu. Takk!

Það vantaði mjög mikið að kenna nemendum hvernig maður á að rukka fyrir verkefni sem maður fær að námi loknu. Það var ekkert farið í það á þeim tveimur árum sem ég var í náminu og ég veit um fleiri nemendur sem eru sammála. Miðað við alla þá reynslu sem kennarar Myndlistaskólans hafa þá hefði átt að vera mjög auðvelt að miðla þeirri þekkingu áfram.

Gaman að list

Vandamálin í kringum það að prenta í skólanum ykkar eru svo augljós og kjánaleg að það er umtalað á öllu landinu. Skrítið að láta slíkt rugl grafa undir gæðum skólans

Takk fyrir mig!

Gríðarlega mikilvægt ár

Ein besta akvorðun sem eg hef tekið er að fara i teikninamið

Namid i Myndlistaskolanum var virkilega insperandi og drifandi. Thad veitti mer hvatningu ad halda afram a svidi myndlistar og veitti mer kjark til thess ad saekja um mastersnam i myndlist.

Teiknideildin í MIR er virkilega sterk deild með frábærum kennurum.

Námið sem eg lauk við MÍR hefur ekki bara gagnast mér heldur er þetta eitt besta nám sem ég hef Stundað.

Myndlistarskólinn hjálpaði mér að komast að því hver ég er og hvað ég vil.

Framhaldsskóli var starfsnám

Þakklæti fyrir námið

Námið var í alla staði frábært, gagnlegt, ígrundað og inspírerandi.

Textílnámið hefur nýst í öðru námi

Frábært nám og vel að flestu staðið að hálfu skólans.

Myndlistaskólinn er frábær

Amazing school

Hef áhuga á að ljúka BA námi í keramik á Íslandi.